

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Gjafasjóð frú Þóru Melsteðs«, útgefin á 9
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 9. febr. 1921. 9. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

um

Gjafasjóð frú Þóru Melsteðs.

1. gr.

Sjóður þessi, sem frú Þóra Melsteð hefir stofnað með brjefi dagsettu 5. apríl 1902, heitir »Gjafasjóður frú Þóru Melsteðs. Því nafni má aldrei breyta.

2. gr.

Sjóður þessi er undir stjórn biskupsins yfir Íslandi og ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Allir ársvextir leggjast við höfuðstól sjóðsins í 100 ár frá stofnun hans, eða í síðasta sinn vorið 2002. Síðan skal greiða árlega allt að $\frac{3}{4}$ — þrjá fjórðu hluta — ársvaxtanna til biskupsins yfir Íslandi, og úthlutar hann þeim meðal þeirra kennara við Kvennaskólann í Reykjavík, sem verið hafa að minsta kosti í tíu ár kennarar við Kvennaskólann, og hann álitur verðugasta og mest þurfandi. En að öðru leyti skal leggja vextina árlega við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða löglega, þá er tekið er að veita fje úr honum, og birta árlega í stjórnartíðindunum.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari er biskup beðinn að fá konunglega staðfestingu og birta hana í stjórnartíðindunum.

Kaupmannahöfn, 26. nóv. 1920.

Bogi Th. Melsteð.